

Ed.

789. Lög

um einkasölu á áfengi.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl).

1. gr.

Ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum áfengi og vinanda, sem heimilt er að flytja til landsins og í er meira en $2\frac{1}{4}\%$ af vinanda að rúmmáli.

Lög þessi taka ekki til skipa, er koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef farið er með það samkvæmt áfengislögunum.

2. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr. og 2. gr. áfengislaganna, sbr. lög nr. 3, 4. apríl 1923, selur hún aðeins lyfsölum og læknum,

er rjett hafa til lyfjasölu, og öðrum þeim, er lög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissölu. Skal tekið fram í reglum þeim, hve mikið áfengi megi láta af hendi við hjeraðslækna, embættislausla lækna, dýralækna og lyfsala á hverju ári eða um ákveðið tímabil.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er um ræðir í 1. og 2. gr. þessara laga, leggur ríkissjóður fram.

4. gr.

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita áfengisversluninni forstöðu. Hann, eða aðstoðarmaður hans, sem stýrir lyfjaversluninni, skal hafa lyfsala-próf, og má fela honum eftirlit með lyfjabúðum landsins. Lyfjadeildinni er skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús. Sjúkrahúslæknir annast um útvegum á þessum vörum handa sjúkrahúsum. Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spiritus.

5. gr.

Forstöðumaður tekur laun úr ríkissjóði, og skulu þau vera 7500 kr. á ári ásamt verðstuðulsuppbót. Ríkisstjórninni er heimilt að ráða forstöðumann áfengisverslunarinnar og þá starfsmenn, er óhjákvæmilega þarf við daglegan rekstur hennar, til 5 ára í senn. Ríkisstjórnin getur þó vísað mönnum þessum úr þjónustu landsins, áður en samningstíminn er útrunninn, eftir sömu reglum og embættismönnum er vikið úr embætti.

6. gr.

Ráðherra skipar tvo menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og alls rekstrar og fær þeim erindisbrjef.

7. gr.

Leggja skal á vinanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins, 25—75%, miðað við verð þess, að tolli meðtöldum, þegar það er komið í hús í Reykjavík. Lyf, er verslunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar.

Áfengisverslunin og útibú hennar mega ekki láta áfengi af hendi nema gegn borgun út í hönd. Þó skal heimilt að lána áfengi í lyf, ef brýna nauðsyn ber til.

8. gr.

Verslunin skal greiða lögákveðna tolla og aðflutningsgjöld af vörum þeim, er lög þessi ræða um. Skulu gjöldin greidd í Reykjavík, þar sem vöruna ber fyrst að flytja á land, og á þeim tíma og samkvæmt því, er tollög og skattalög mæla fyrir.

9. gr.

Verslunin skal jafnan hafa forða af áfengi og vinanda í Reykjavík. Viðskiftamenn verslunarinnar greiði flutningskostnað varanna innanlands.

10. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í rikissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Má þar ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í varasjóð.

11. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámark smásöluverðs á vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 200—40000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í rikissjóð.

13. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lög-reglumál.

14. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.